

Fornleifakönnun vegna smábátahafnar og frístundabyggðar í Flatey á Breiðafirði



Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

Ágúst 2010
NV nr. 13-10

Efnisyfirlit

1.	INNGANGUR.....	3
2.	BORKJARNA RANNSÓKN.....	3
3.	MARKMIÐ OG AÐFERÐIR.....	3
	2.1 TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.....	3
	2.2 AÐFERÐAFRÆÐI.....	4
4.	SAGA	5
5.	SKRÁ YFIR FORNLEIFAR.....	5
6.	NÍÐURSTAÐA.....	15
7.	HEIMILDARSKRÁ	16
8.	FYLGISKJÖL.....	17

1. Inngangur

Fyrirhugaðar eru breytingar á deiliskipulagi í Flatey á Breiðafirði vegna nýrrar smábátahafnar við Innstapoll og skipulags á frístundabyggð norðan Læknishúss. Fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða var ráðin til að kanna fornleifar á svæðinu. Tveir staðir voru rannsaðir. Annar staðurinn er suður af svokölluðu Læknishúsi og suður af veginum sem liggur frá höfninni að þorpinu í Flatey. Hinn staðurinn er norður af Læknishúsinu.

Svæðinu sunnan Læknishússins er skipt í tvennt á skipulagi í svæði A og B. Svæði A er þar sem áformað er að leggja veg niður að fyrirhugaðri höfn. Það er 1900 m² að stærð. Að tilmælum Minjavarðar Vestfjarða voru tekin sýni með jarðvegsbor á svæði A þar sem vegurinn niður að höfninni mun liggja um. Höfnin og mannvirki tengd henni verða á svæði B. Það svæði er 10.000 m² að flatarmáli.

Norður af Læknishúsi munu fjórar lóðir verða teknar undir frístundahús, samkvæmt aðalskipulagi, hver þeirra verður um 1000 m².

Rannsóknin fór fram 27. júní 2010 og var í höndum Margrétar Hrannar Hallmundsdóttur fornleifafræðings sem jafnframt annaðist skýrsluskrif.

2. Borkjarna rannsókn

Gerð var rannsókn með jarðvegsbor þar sem fyrirhugaður vegur á að liggja. Tekin voru 90 sýni á tveggja metra fresti eins og lengd áætlaðs vegstæðis er. Einnig voru tekin 3 sýni á hverjum stað á 4 metra breidd vegstæðisins. Sýnin leiddu ekki í ljós nein mannvistarlög. Jarðvegsborinn komst hins vegar ekki djúpt niður vegna þess að mól eða grjót var 10 cm undir yfirborði á öllu svæðinu þar sem sýni voru tekin. Æskilegt væri að taka skurð til þess að sjá betur jarðvegsgerð og hvort möguleiki sé á að mannvistarlög séu undir malarlaginu sem borinn komst ekki í gegn um.

3. Markmið og aðferðir

3.1 Tilgangur fornleifaskráningar

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögina að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 11. gr. segir: „Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.“

Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem „hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum; vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri; gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita; gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra; virki og skansar og önnur varnarmannvirki; gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast síðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð; áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum; haugar, dysjar og aðrir grefrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið; skipsflök eða hlutar úr þeim. Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr.“

Í 10. grein Þjóðminjalaga segir enn fremur: „Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.“

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Fornleifavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.). Ef óþekktar fornleifar koma í ljós við jarðrask skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmdir á staðnum og þar til ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins liggur fyrir varðandi hvort eða með hvaða skilyrðum framkvæmdin getur haldið áfram (sjá 13.gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókn- eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

2.2 Aðferðafræði

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi, en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar.

Allir minjastaðir sem heimildir voru til um voru skráðir, sem og þeir sem fundust við vettvangsskráningu. Teknir voru staðsetningarpunktar á hverjum stað með venjulegu gps-mælitæki ásamt því að allar minjar voru mældar inn með Trimble pro-staðsetningartæki með 25 cm nákvæmni. Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

4. Saga

Byggð í Flatey á rætur sínar að rekja allt aftur á landnámsöld þegar Þrándur mjóbeinn nam eyjarnar vestan Bjarneyjarflóa og bjó í Flatey. Flatey hefur þá yfirburði framyfir aðrar Vestureyjar að hún er stærst og liggur vel við, stutt er á fiskimið og í aðrar eyjar. Höfnin, skeifulaga eyja á móts við *Þýskuvör*, var sjálfgerð frá náttúrunnar hendi og veitir hún var í flestum áttum.

Á 12. öld bjó í eyjunni Þorsteinn Gyðuson sem var ríkur maður og völdugur. Í hans búskapartíð var byggt klaustur í eyinni, var það reist 1172 en flutt að Helgafelli 1184. Það stóð þar sem nú kallast *Klausturhólar*, á háhrygg eyjarinnar, upp af *Innstabæjarmýri*. Við sáluhliðið stendur jarðfastur steinn sem klapað hefur verið í bolli, svo fólk gæti signt sig áður en það gekk í gegn.

Þegar Einokunarverslunin var lögleidd á Íslandi 1602 höfðu Hollendingar og Þjóðverjar stundað verslun í eyinni, og halda því greinilega áfram því 6. október 1659 sökk hollenskt kaupskip í höfninni. Það er sagt hafa verið vopnað 14 fallbyssum. Það vekur upp ýmsar spurningar að svona stórt verslunarskip skuli hafa verið í Flatey, og sérstaklega vegna þess að það var vopnað. 1660 er getið um tvö hollensk skip en síðan heyrast ekkert um kaupskipaferðir næstu 120 árin. Á þessum tíma ríkti því stöðnun í því stórveldi sem eyjan hafði áður verið, enda þurftu eyjaskeggjar að sækja upp á land til að versla.

Fyrir 17. öld var Flatey einbýl en það breyttist á tímum einokunnar. Þá skiptist eyjan niður í smærri og fleiri býli og hélst það fram til 1967. Þá urðu býlin tvö og eru enn. Flatey var bændasamfélag sem tók mið af sjónum. Bændur voru með kýr og kindur, en aðal undirstaða eyjabúskapsins voru hlunnindin; sel- og fiskveiðar, fugl- dún- og eggjatekja. Nægur matur var í eyjunni en það krafðist erfiðisvinnu að afla hans.

18. júní 1777 varð Flatey kauptún og hófst verslun þar sama ár. Verslunarsvæðið náði yfir Vestureyjarnar og sveitirnar á Barðaströnd.¹

5. Skrá yfir fornleifar

Eftirfarandi eru þær fornleifa sem skráðar voru við rannsóknina, þó eru sumar þeirra utan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis. Á kortum 1-5, aftast í skýrslunni má sjá staðsetningu rannsóknarsvæðisins og minja innan þess auk staðsetninga áætlaðra framkvæmda.

¹ http://www.flatey.com/efni/saga_flateyjar

Flatey 80-001**Tegund:** Garðlag**Hlutverk:** Matjurtagarður**Staðsetning:** A 547120 N 357186**Hættumat:** Mikil hætta**Hættuorsök:** Framkvæmdir

Staðhættir: „Niður við fjöruna, suður af Læknishúsi, voru kartöflugarðar, er séra Ólafur Sívertsen lét gera. Þeir nefndust, efst og yst, Mæðir, þá Erfiður og Langur innst“. Tekið var að sinna garðrækt í Flatey um og upp úr 1820. Kartöflugarðar þessir gætu því vel verið hátt í 170 ára gamlir. Við Innstapoll rétt við ströndina og um 50 metra suður af er matjurtargarður.“

Minjalýsing: Garðurinn er mjög heillegur og skiptist í sex hólf. Hann liggur nærri ströndinni í vestur-austur átt og er um 85 metrar á lengd og 25 metrar þar sem hann er breiðastur. Hleðslur eru ógrónar og standa hæstar um 130 cm og eru um 1metri á breidd en 2 metrar þar sem hann hefur hrunið. Garðurinn er í notkun að hluta en gæti verið nokkuð gamall. Tréhlið er á norðurhlið garðsins. Eitt hólf garðsins er ofar en hin og í því er lítið hús. Frá hólfinu sem húsið stendur í liggur garður í norður í átt að Læknishúsi.

Heimildir Örnefnaskrá Flateyjar

Mynd 1. Matjurtagarður. Hús hefur verið sett í eitt hólf. Tekið í austur átt.



Mynd 2. Matjurtagarður [002]. Læknishús sést í fjarska. Tekið til austurs.

Flatey 80-002**Tegund:** Garðlag**Hlutverk:** Matjurtagarður**Staðsetning:** A547135 N 317684**Hættumat:** Mikil hætta**Hættuorsök:** Framkvæmdir

Staðhættir: Um 50 metra vestur af [001] og um 120 metra suð-austur af Læknishúsi er annar kálgarður. Í örnefnalýsingu segir: „Niður við fjöruna, suður af Læknishúsi, voru kartöflugarðar, er séra Ólafur Sívertsen

lét gera. Þeir nefndust, efst og yst Mæðir, þá Erfiður og Langur innst.“ Tekið var að sinna garðrækt í Flatey um og upp úr 1820. Kartöflugarðar þessir gætu því vel verið hátt í 170 ára gamlir.“

Minjalýsing: Garðurinn er ílangur og myndar að minnsta kosti tvö hólf. Hann liggur austur-vestur og austast í honum er tóft. Langur garður gengur svo til austur úr garðinum og er líklega garðlag sem hefur verið lengra. Þar fast við eru 3 litlar rústir[008].

Heimildir Örnefnaskrá Flateyjar**Flatey 80-003****Tegund:** Rústir**Hlutverk:** Óþekkt**Staðsetning:** A547128 N 317600**Hættuorsök:** Framkvæmdir**Staðhættir:** Fast norðan við matjurtargarð[001], er lítil rúst.**Minjalýsing:** Rústin er ekki mikið gróin og hleðslur sjást vel. Rústin er 5 metrar að lengd og innanmál um 1 ½ metri. Hún er opin til austurs.

Mynd 3. Rústin[003] norðan matjurtagarðsins. Mynd tekin í austur átt.

Flatey 80-004**Tegund:** Hleðsla**Hlutverk:** Óþekkt**Staðsetning:** A 547123 N 317614**Hættumat:** Mikil hætta**Hættuorsök:** Framkvæmdir**Staðhættir:** Fast við norðausturhorn á matjurtagarði [001] er hleðsla.**Minjalýsing:**

Ekki er hægt að gera sér grein fyrir tilgangi hleðslunnar. Hún gæti verið hluti af garðinum[001] eða eitthvað sem staðið hefur nærri honum og er hrunið. Hleðslan er yfirgróin og sést í einstaka stein.

Flatey 80-005**Tegund:** Rúst**Hlutverk:** Naust**Staðsetning:** A547128 N317631**Hættumat:** Mikil hætta**Hættuorsök:** Framkvæmdir

Staðhættir: Milli stóru matjurtagarðanna er svæði þar sem sjá má nokkur naust. Svæðið er aflíðandi niður að ströndinni þar sem greina má tvær ruddar lendingar.



Mynd 4. Naustið sem er greinilegast á svæðinu.

Minjalýsing:

Naustið er grafið niður í bakkann, það er hlaðið en nokkuð innfallið. Innra mál þess er 7 metrar á lengd og um 1 ½ metri á breidd. Veggir eru lágir og um tveir metrar á breidd. Ómögulegt er að gera sér grein fyrir aldri þess, en líklegt er að þarna hafi lengi verið róið til fiskjar og naustið gæti því verið fornt og hugsanlega notað um langan aldur.

Naustið mun eyðileggjast við fyrirhugaðar framkvæmdir.

Flatey 80-006**Tegund:** Rúst**Hlutverk:** Naust**Staðsetning:** A547131 N 317651**Hættumat:** Mikil hætta**Hættuorsök:** Framkvæmdir

Staðhættir: Um 35 metra beint austur af matjurtagarði [001] og 14 metra austur af nausti [005] er naust með tveimur hólfum fyrir tvo báta (einn bát í hvort hólf).

Minjalýsing: Naustin tvö eru samliggjandi með sameiginlegum vegg í miðju. Naustið er 8 metrar á breidd og bæði hólfín eru um 7 metrar á lengd. Bátur er í öðru naustinu.

Naustið mun eyðileggjast við framkvæmdirnar.

Flatey 80-007**Tegund:** Rúst**Hlutverk:** Óþekkt**Staðsetning:** A 547149 N 317690**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Framkvæmdir**Staðhættir:** Um 8 metra beint norður af matjurtagarði [002] er lítil rúst.**Minjalýsing:** Rústin er mjög gróin, hún er að innanmáli 1x1 m og mikið hrunin. Veggir hennar eru um 2 metrar á breidd og hæstir um 40 cm. Dyraop til suðurs.**Flatey 80-008****Tegund:** Rúst**Hlutverk:** Óþekkt**Staðsetning:** A 547142 N 317725**Hættumat:** Lítil hætta**Hættuorsök:** Framkvæmdir**Staðhættir:** Fast við garðlag sem liggur til austurs úr matjurtagarði [002] eru þrjár mjög grónar rústir þriggja lítilla húsa. Ekki er vitað um hlutverk þessara húsa.**Minjalýsing:** Vestasta húsið er fast við garðinn. Það er gróið en þó vel greinanlegt á yfirborði. Innanmál þess er fimm metar á lengd og tveir á breidd og veggjaþykkt er 1-2 metrar. Rústin er eitt hólf og opin í miðju til suðurs.**Flatey 80-009****Tegund:** Rúst**Hlutverk:** Óþekkt**Staðsetning:** A 547143 N 317737**Hættumat:** Lítil hætta**Hættuorsök:** Framkvæmdir**Staðhættir:** Um 1 metra norður af [008] er önnur álíka rúst en aðeins minni.**Minjalýsing:** Rústin er gróin en þó vel greinanleg á yfirborði. Innanmál hennar er þrjár metrar á lengd og tveir á breidd. Veggjaþykkt er 2 metrar. Rústin er eitt hólf og opin í miðju til suðurs.

Flatey 80-010**Tegund:** Rúst**Hlutverk:** Óþekkt**Staðsetning:** A 547144 N 317740**Hættumat:** Lítil hættu**Hættuorsök:** Framkvæmdir**Staðhættir:** Við hlið [008] eða um þrjá metra austur og suður af [009] er rúst.

Minjalýsing: Rústin er tvö hólf og er stærrí en hinar tvær [008 og 009] sem standa rétt við. Utanmál hennar er ellefu metrar í austur-vestur og sex metrar í norður-suður. Hvort hólf um sig er þrír sinnum þrír metrar á stærð og þykkt veggja er um tveir metrar. Rústin er mjög gróin, líkt og hinar í kring.



Mynd 5. Mjög gróin rúst lítills húss við ströndina. Tekið í vesturátt.

Flatey 80-011**Tegund:** Garðlag**Hlutverk:** Garður**Staðsetning:** A 547149 N 317673**Ástand:** Sæmilegt**Hættumat:** Mikil hættu**Hættuorsök:** Framkvæmdir

Staðhættir: Í örnefnalýsingu segir „Hólsbúðarvogur. Svo var Flateyjarvogur stundum kallaður. Innan við húsið Strýtu var túngarðabrot. Túngarður sá stefndi



Mynd 6. Gamalt garðlag sem liggur í suðvestur.

út og suður um eyjuna. Ef lína var dregin úr garðshorninu innan við Strýtu og beint suður að túngarði við fjöruna, myndaðiat þríhyrningur, sem nefndist Hólsbúðarrækt., Um 12 metra norður af matjurtagarði [002] er garðlag. Garðurinn er hlaðinn út grjóti og liggur í suðvestur. Líklega er smá hluti af gaðinum alveg fast við matjurtagarðinn.

Minjalýsing: Garðurinn er 2 metrar á breidd og 86 metrar á lengd. Um garðinn miðjan er útskot sem hugsanlega hefur verið rétt, en algengt var að réttir væru hafðar við garðlög. Garðurinn ber öll einkenni þess að vera mjög gamall. Annað garðlag kemur í framhaldi og er það mjög gróið og virðist vera hlaðið úr torfi og hefur því sér númer [012]. Hugsanlega er það yngri viðbót við hinn garðinn.

Vegur niður að höfninni mun fara yfir garðinn.

Flatey 80-012**Tegund:** Garðlag**Hlutverk:** Garður**Staðsetning:** A 547168 N 317691**Hættumat:** Mikil hætta**Hættuorsök:** Framkvæmdir**Staðhættir:** Um 35 metra norður af matjurtagarði [002] er garðlag.

Minjalýsing: Garðurinn virðist vera í framhaldi af garði [011], en er mjög gróinn og ekki sést í hleðslur. Hann er hærri [011], eða allt að metri þar sem hann er hæstur. Garðurinn liggur í boga til norðurs en er ekki mjög greinilegur þar sem hann er mikið gróinn. Hugsanlega er þessi hluti garðsins yngri en steingarðurinn [011].

Flatey 80-013**Tegund:** Þúst**Hlutverk:** Óþekkt**Staðsetning:** A 547181 N 317689**Hættumat:** Mikil hætta**Hættuorsök:** Framkvæmdir

Staðhættir: Fast við garð [012] er mjög grýtt svæði en samt nokkuð slétt. Hugsanlega er aðeins um að ræða hrun úr garði, en minjar gætu leynst undir sverði. Reynt var að koma niður jarðvegsbor til að kanna svæðið þar sem það liggur í áætlaðri veglínu. Það reyndist ekki hægt vegna mikils magns af grjóti.

Minjalýsing: Svæðið sem um ræðir er 10x7 metrar.

Flatey 80-014**Tegund:** Þúst**Hlutverk:** Óþekkt**Staðsetning:** A 547159 N 317676**Hættumat:** Mikil hætta**Hættuorsök:** Framkvæmdir**Staðhættir:** Fast við gamla steingarðinn.

Minjalýsing: Um er að ræða svæði þar sem mikið er af grjóti. Ekki er hægt að greina hvort um sé að ræða hrun frá garðinum eða hugsanlega rúst undir sverði. Líklega verður þó að telja að aðeins sé um að ræða hrun úr garðinum.

Flatey 80-015**Tegund:** Garðlag/hleðsla ?**Hlutverk:** Óþekkt**Staðsetning:** A 547132 N 317641**Hættumat:** Mikil hætta**Hættuorsök:** Framkvæmdir**Staðhættir:** Milli matjurtagarða [001] og [002] er hugsanlega garðlag.**Minjalýsing:** Mikið af grjóti er á þessu svæði á mjög afmörkuðum kafla. Grjótið var mælt inn og myndar íflanga röð til norðurs. Hugsanlega á grjótið sér náttúrulegar skýringar, en jafn líklegt er að um sé að ræða leifar af grjóthlöðnu mannvirki.**Flatey 80-016****Tegund:** Leið**Hlutverk:** Leið**Staðsetning:** A 547138 N 317630**Hættumat:** Mikil hætta**Hættuorsök:** Framkvæmdir**Staðhættir:** Við ströndina rétt ofan við matjurtagarðana og neðan við Læknishús má sjá leið.**Minjalýsing:** Leiðin er mjög greinileg. Fyrir ofan naustin er hún upphlaðin að hluta, en það sést illa fyrir gróðri. Leiðin sjálf er þó enn mjög greinileg meðfram ströndinni.**Flatey 80-017****Tegund:** Garðlag**Hlutverk:** Garður**Staðsetning:** A 547240 N 317573**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Framkvæmdir**Staðhættir:** Beint norður af veginum sem liggur að þorpinu í Flatey, norður af Læknishúsi, er garðlag.**Minjalýsing:** Garðurinn er 67 metra langur og liggur í norður-suður. Hann er mikið gróinn og nokkuð sokkinn og er hæst um 1 metri. Garðurinn er um 2 metrar á breidd. Líklega er um nokkuð gamlan garð að ræða. Þar sem garðurinn endar er nokkur halli niður að framræstri

Mynd 7. Garðlag norður af Læknishúsi. Tekið í norður átt.

mýri. Sami garður kemur fram suður af Læknishúsi og nær að matjurtargarði [001] Þessi garður sérst á korti frá 1906. (kort 3)

Flatey 80-018**Tegund:** Garðlag**Hlutverk:** Garður**Staðsetning:** A 547239 N 317542**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Framkvæmdir

Staðhættir: Beint norður af veginum sem liggur að þorpinu í Flatey, norður af Læknishúsi, er garðlag. Í örnefnaskrá segir: „norðanvert við Læknishúsið sézt fyrir gamalli garðhleðslu, sem nær niður að Lómatjörn. Sá garður hefur líklega einhverntímann verið byggður þvert yfir eyjuna þarna. Þetta garðbrot heyrði ég nefnt Akurgerði eða Akurgarð.“

Minjalýsing: Garðurinn er mjög gróinn og liggur í norðaustur. Hann er um 34 metrar á lengd og um 1 metri á breidd og er líklega mjög forn.

Flatey 80-019**Tegund:** Garðlag**Hlutverk:** Garður**Staðsetning:** A 547217 N 317542**Hættumat:** Mikil hætta**Hættuorsök:** Framkvæmdir

Staðhættir: Norður af veginum að þorpinu í Flatey, norður af Læknishúsi milli garðlaga [017] og [018], er mjög óljóst garðlag.

Minjalýsing: Garðurinn er 30 metrar og stendur um 40 cm upp úr jörðu. Mjög óljós og ógreinilegur.

Flatey 80-020**Tegund:** Lending**Hlutverk:** Lending**Staðsetning:** A 547096 N 317640**Hættumat:** Mikil hætta**Hættuorsök:** Framkvæmdir

Staðhættir: Við suðurströnd Flateyjar er staður sem heitir Innstipollur. Þar má sjá tvær ruddar lendingar. Í örnefnaskrá er nafnið Skúlavör jafnframt notað yfir staðinn.

Minjalýsing: Mjög greinilega má sjá ruddar varir á loftmyndum og þær eru vel greinilegar á fjöru.

Flatey 80-021

Tegund: Lending

Hlutverk: Lending

Staðsetning: A 547091 N 317648

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Staðhættir: Við suðurstönd Flateyjar er svæði sem heitir Innstipollur. Þar má sjá tvær ruddar lendingar. Í örnefnaskrá er nafnið Skúlavör jafnframt notað yfir staðinn.

Minjalýsing: Mjög greinilega má sjá ruddar varir á loftmyndum og þær eru vel greinilegar á fjöru.

6. Niðurstaða

Við vettvangskönnun fundust alls tuttugu og einar minjar. Ljóst er að á þeim svæðum sem könnuð voru er nokkuð af minjum og líklega er aðeins hluti þeirra sjáanlegur á yfirborði. Nokkrar rústir lítilla búða eða húsa má sjá við ströndina, sem ásamt naustum og lendingum benda til nokkurra umsvifa þar.

Þar sem framkvæmdir eru áætlaðar vegna hafnargerðar og veglagningar munu allnokkar minjar verða fyrir raski. Vegur mun fara yfir tvo garða og hafnargerð mun raska tveimur lendingum, þremur naustum og tveimur gömlum matjurtagörðum, auk þess sem upphlaðin leið og tvennar rústir munu verða fyrir raski (sjá meðfylgjandi töflu).

Æskilegt væri að rannsaka nánar þær minjar sem munu skemmast við hinar fyrirhuguðu framkvæmdir. Samkvæmt ritheimildum og örnefnaskráum hafa í gegnum aldirnar verið töluverð umsvif um alla eyjuna og ljóst að margar minjar í Flatey eru horfnar af yfirborði. Taka verður tillit til garðlaga við skipulagningu á frístundasvæði norður af Læknishúsi.

Allt jarðrask á svæðinu gæti leitt í ljós minjar sem ekki sjást á yfirborði. Framkvæmdaefirlit fornleifafræðings væri æskilegt vegna miklrs fjölda minja á svæðinu.

Númer	Tegund	Bls	Hættumat
Flatey 80-001	Hlaðinn matjurtagarður		Mun raskast að hluta
Flatey 80-002	Hlaðinn matjurtagarður		Mun raskast að hluta
Flatey 80-003	Rústir		Hætta! Þarf að merkja
Flatey 80-004	Hleðsla		Hætta! Þarf að merkja
Flatey 80-005	Naust		Mun hverfa við framkvæmdir
Flatey 80-006	Naust		Mun hverfa við framkvæmdir
Flatey 80-011	Garðlag		Fer undir veg að hluta
Flatey 80-012	Garðlag		Fer undir veg að hluta
Flatey 80-013	Þúst		Fer undir veg
Flatey 80-014	Þúst		Fer undir veg
Flatey 80-015	Garðlag, hleðsla		Fer undir veg
Flatey 80-016	Leið		Raskast við framkvæmdir
Flatey 80-017	Garðlag		Er á fyrirhuguðu frístundasvæði
Flatey 80-018	Garðlag		Er á fyrirhuguðu frístundasvæði
Flatey 80-019	Lending		Hverfur við hafnarframkvæmdir
Flatey 80-020	Lending		Hverfur við hafnarframkvæmdir

7. Heimildarskrá

Ágúst Georgsson. 1990. *Bráðabirgðaskráning fornleifa í Flatey á Breiðafirði*. Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík .


Framfarafélag Flateyjar. 2010. Saga Flateyjar, heimildir fengnar af vefsíðunni: http://www.flatey.com/efni/saga_flateyjar (þann 23/07 2010).

Óprentaðar Heimildir


Örnefnaskrár Flateyjar á Breiðafirði. Skráð eftir Ólaf prófast Sívertsen. Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrár Flateyjarhrepps. Skráð eftir Þórarinn J. Einarsson. Örnefnastofnun Íslands.


8. Fylgiskjöl




Kort 1. Svæðin sem könnuð voru eru innan brúna rétthyrninganna á þessu korti eru jafnframt mælingar Georgs Ágústssonar frá 1990.




Kort 2. Innmælingar rústa á svæðinu og staðsetning borkjarna sem eru krossarnir sem mynda röð þar sem vegur verður lagður .



Kort 3. Mælingar frá 1906 þar sem minjar sem skráðar voru sjást. Kortið er fengið úr skýrslu Georgs Ágústssonar frá 1990.



Kort 4. Staðsetning fornleifa og fyrirhugaðra framkvæmda á loftmynd.



Kort 5. Teikning af afstöðu minja og númer þeirra.